

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir dýralækna nr. 112 12. júlí 1966.

VII. kafli gjaldskrárinnar orðist svo:

Allar greiðslur samkvæmt framangreindri gjaldskrá greiðast með kaupgjaldsvisitölu, eins og hún er ákveðin á hverjum tíma.

Fyrir læknisstörf, sem vinna verður að kvöldi eða næturlagi frá kl. 20 að kvöldi til kl. 7 að morgni og eftir kl. 3 á laugardögum og störf unnin á sunnudögum eða hátíðisdögum, er dýralækni heimilt að taka 60% hærri greiðslu en að framan greinir. Þessar greiðslur fyrir dýralæknisstörf hækka þó ekki, ef dýralæknir er sjálfur valdur að því, að störfin verða ekki unnin á venjulegum vinnutíma virka daga.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 31 5. maí 1970, um dýralækna, til þess að öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. júní 1972.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðinda 1972.

Bráðabirgðalög um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, undirskrifuð af forsetanum 11. janúar 1972, nr. 1.

Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76 frá 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum, undirskrifuð af menntamálaráðherra 11. janúar 1972, nr. 2.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda, undirskrifað af forsetanum 11. janúar 1972, nr. 3.

Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76/1958, með áorðnum breytingum, undirskrifuð af menntamálaráðherra 17. febrúar 1972, nr. 4.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Fjós í Lazárdalshreppi, undirskrifuð af forsetanum 21. febrúar 1972, nr. 5.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Ytri-Bug í Fróðárhreppi á Snæfellsnesi, undirskrifuð af forsetanum 21. febrúar 1972, nr. 6.

Lög um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, undirskrifuð af forsetanum 23. marz 1972, nr. 7.

Lög um tekjustofna sveitarfélaga, undirskrifuð af forsetanum 22. marz 1972, nr. 8.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Brekkuborg í Breiðdalshreppi og Þorsteinsstaði í Sauðaneshreppi, undirskrifuð af forsetanum 13. marz 1972, nr. 9.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðirnar Háls og Kambshjáleigu í Búlandshreppi, undirskrifuð af forsetanum 13. marz 1972, nr. 10.

Lög um breyting á lögum nr. 54 27. apríl 1967, um Jarðeignasjóð, undirskrifuð af forsetanum 13. marz 1972, nr. 11.